

Tillaga A 2005/UVU
Flytjandi: Norræn vinstri græn
Afgreiðsla: Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um dauðsföll og alvarleg slys á vinnustöðum á Norðurlöndum

Norræn vinstri græn leggja til að Norðurlandaráð beini tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna um

að þær stuðli að öflugri forvörnum í starfsumhverfinu svo að banaslysum og alvarlegum slysum á vinnustöðum á Norðurlöndum fækki umtalsvert,

að þær stuðli að bættri fræðslu fyrir starfsmannakjörna öryggisfulltrúa og auknum áhrifum þeirra við uppbyggingu forvarna,

að þær stuðli að stofnun samtaka um starfsumhverfi á öllum vinnustöðum, sem gætu e.t.v. þjónað sem sameiginlegir svæðisfulltrúar,

að þær auðveldi litlum og meðalstórum fyrirtækjum að fá ráðgjöf um forvarnir,

að þær eflif stofnanir landanna sem hafa eftirlit með áhættumestu starfsgreinunum,

að þær beiti sér fyrir hækkun sekta á vinnuveitendum sem láta undir höfuð leggjast að tryggja starfsfólki sínu öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi,

að þær stuðli að rannsóknum á starfsumhverfi og auki öryggi, meðal annars með samnorrænum rannsóknarverkefnum, og

að þær gerist þátttakendur í hinu alþjóðlega vinnuverndaráttaki Núllsýn (e. Vision Zero) sem vinnur að stefnubreytingu í baráttunni gegn vinnuslysum og starfstengdum sjúkdómum.

Bakgrunnur

Fimm karlar fórust þegar byggingarkrani hrpaði 20 metra niður á framkvæmdasvæði norður af Stokkhólmi 11. desember 2023. Þá þegar var ljóst að árið yrði ísbyggilegt með tilliti til dauðsfalla á vinnustað í Svíþjóð. Samkvæmt vinnueftirlitinu í Svíþjóð týndu samtals 62 lífi í vinnunni þar í landi árið 2023 sem var hæsta dánartalan í 12 ár og langt yfir meðaltali undanfarinna tíu ára.



Banaslys á vinnustað eru óviðunandi. Í skugga þessara slysa deyja auk þess langtum fleiri fyrir aldur fram úr sjúkdómum sem má tengja við starf þeirra. Oft verða þessi dauðsföll löngu eftir að viðkomandi dvaldi við hinar óheilsusamlegu vinnuaðstæður.

Norræn vinstri græn telja að atvinnurekendum beri að koma í veg fyrir banaslys og ekki síður áhættusamar vinnuaðstæður sem með tímanum hafa heilsubrest í för með sér. Enda þótt unnið hafi verið að forvörnum á Norðurlöndum í fjölmörg ár hefur vinnuslysum og starfstengdum sjúkdómum ekki fækkað að ráði.

Samkvæmt skýrslunni *Work today and in the future: Part Three: Work-related deaths, diseases and costs in the Nordic countries*, sem var birt í mars 2024, voru skráð starfstengd dauðsföll á Norðurlöndum árið 2019 11.730 að tölu.

Samkvæmt vinnueftirlitinu í Danmörku voru tilkynnt vinnuslys árið 2022 46.434 auk þess sem u.þ.b. 16.986 manns þjáðust af starfstengdum sjúkdómum. Fjöldinn frá árinu 2017 hefur aukist að sögn Dansk Industri, samtaka atvinnurekenda. Heildarfjöldi látinna vegna slysa og starfstengdra sjúkdóma í Danmörku er talinn nema 2.400 á ári hverju. Ofan á þetta koma ófá óskráð tilvik sem er dulinn vandi.

Við sársauka og fjárhagsáföll þeirra sem verða fyrir slysunum bætast afleidd útgjöld í formi sjúkrahússkostnaðar, sjúkradagpeninga, endurhæfingar, lífeyris og framleiðslutaps fyrirtækjanna sem eru þung byrði á samfélögunum. Atvinnuáráðuneyti Danmerkur mat það svo út frá hinum háu tölum að samanlögð útgjöld samfélagsins næmu 80 milljörðum danskra króna á ári.

Lætur nærri að það svari til heildarútgjalda á Norðurlöndum að fjárhæð 290 milljarðar danskra króna á ári.

Stærðartölurnar og vinnuaðferðirnar eru mismunandi milli norrænu landanna en efli þau samstarf sitt á sviði forvarna er trúlegt að það leiði til mikils norræns notagildis.

Reykjavík, 28. október 2024

Jette Gottlieb (Ø)

Kathy Lie (SV)

Liljan Weihe (T)

Lorena Delgado Varas (V)

Mariane Paviasen (IA)

Orri Páll Jóhannsson (VG)

Tobias Drevland Lund (R)

Veronika Honkasalo (VF)